

Fjárlaganefnd Alþingis  
b.t. Jóns Magnússonar nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Sent með tölvupósti á [jonm@althingi.is](mailto:jonm@althingi.is)*

Reykjavík, 13. janúar 2021  
Tilv.: 2101004

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna áforma um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka**

1. Samkeppniseftirlitið vísar til tölvubréfs, dags. 11. janúar sl., frá fjárlaganefnd þar sem þess er farið á leit að Samkeppniseftirlitið taki saman stutt minnisblað fyrir áformaðan fund fjárlaganefndar með Samkeppniseftirlitinu fimmtudaginn 14. janúar 2021, þar sem fram komi þau sjónarmið sem Samkeppniseftirlitið álitur að nauðsynlegt sé að nefndin hafi í huga við gerð umsagnar sinnar varðandi áætlaða sölu ríkisins á hlut í Íslandsbanka.
2. Í greinargerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem fylgdi umsagnarbeiðni fjárlaganefndar til Samkeppniseftirlitsins, kemur m.a. fram að fjármála- og efnahagsráðherra hafi fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins um að hefja undirbúning að skráningu Íslandsbanka á skipulegan verðbréfamarkað innanlands og sölumeðferð á eignarhlutum í kjölfar almenns útboðs. Í frumútboðinu sé stefnt að því að selja allt að 25% af eignarhlut ríkisins í bankanum, háð því að markaðsaðstæður séu hagfelldar. Innan vissra tímamarka yrði stefnt að áframhaldandi sölu þannig að meirihluti og jafnvel allur hlutur ríkisins yrði seldur á hlutabréfamarkaði.
3. Jafnframt segir í greinargerð ráðuneytisins að áætlað sé að heildarsölufjerlið taki að lágmarki fimm mánuði frá því að bankinn yrði tilbúinn fyrir sölufjerlið. Þar sem eingöngu sé horft til skráningar á markaði innanlands sé ekki talin þörf á að undirbúa bankann fyrir sölufjerlið umfram hefðbundinn undirbúning. Þá muni endanleg tímasetning sölu og fjöldi seldra hluta taka mið af ytri aðstæðum undir lok sölufjerlis, eins og sveiflum í hagkerfinu, stöðu fjármálamarkaða, og þróun heimsmála almennt. Miðað við fyrrgreint sé horft til þess að hægt verði að ljúka skráningu hlutabréfanna á markað eigi síðar en fyrir lok júní 2021.
4. Í tilefni af beiðni fjárlaganefndar, og innan þess skamma frests sem gefinn er, vill Samkeppniseftirlitið leggja áherslu á eftirfarandi:

***Mikilvægi samkeppnismats vegna sölunnar***

5. Í upphafi vill Samkeppniseftirlitið undirstrika mikilvægi þess að við undirbúning ákvörðunar um svo veigamikla sölu á eignarhlut ríkisins séu samkeppnisleg áhrif sölunnar metin í þaula. Raunar ættu markmið um virka samkeppni á fjármálamarkaði að vera í forgrunni við hvers konar stefnumótun stjórnvalda sem tengist eignarhaldi ríkisins á bönkunum og ráðstöfun á þeim eignarhlut.



6. Ástæðan er sú að virk samkeppni á fjármálamarkaði stuðlar ekki einungis að lægra verði og betri gæðum í fjármálaþjónustu, heldur er virk samkeppni einnig veigamikill hvati þess að bæta stjórnun og auka hagkvæmni í rekstri. Í reynd getur virk samkeppni, ásamt með góðri regluumgjörð, stutt við fjármálastöðugleika. Fjallað er ítarlega um þetta í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2018, *Framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið*.<sup>1</sup>
7. Framangreind sjónarmið eru einnig í samræmi við leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um sölu á ríkiseignum (A Policy Maker's Guide to Privatisation) frá mars 2019.<sup>2</sup>
8. Hafa ber í huga í þessu sambandi að íslenskur fjármálamarkaður ber sterk fákeppniseinkenni, en á honum starfa fáir keppinautar á litlum og um margt einangruðum markaði. Sú einangrun sést m.a. af því að við áform stjórnvalda um sölu á eignarhlut í Íslandsbanka er byggt á því að áhugi erlendra kjölfestufjárfesta sé ekki til staðar, sbr. nánar fyrirbyggjandi minnisblað fjármálaráðuneytisins.
9. Sérstaklega þarf að gæta varúðar í samkeppnislegu tilliti á mörkuðum sem einkennast af fákeppni. Á slíkum mörkuðum draga ákvarðanir keppinauta oft dóm af því að þeir eru strategískt innbyrðis háðir því hvernig hinir hegða sér á markaði. Á fákeppnismörkuðum getur myndast jarðvegur fyrir þegjandi samhæfingu (e. *tacit collusion*). Þannig geta fyrirtækin séð sér hag í því að verða samstíga í markaðshegðun, t.d. geta þau takmarkað framboð á vöru eða þjónustu til þess að geta hækkað söluverð með það að leiðarljósi að samræmd markaðshegðun leiði til hásmörkunar sameiginlegs hagnaðar.<sup>3</sup> Slík háttsemi getur verið mjög skaðleg fyrir viðskiptavinum og allan almenning.
10. Einnig er vert að nefna að á íslenskum lánamarkaði hafa íslenskir lántakendur, ekki síst einstaklingar og minni fyrirtæki, úr fáum kostum að velja þegar leitað er lánaþyrngreiðslu. Þeim kostum hefur fækkað verulega á síðustu árum. Þannig hafa sparisjóðir að nær öllu leyti horfið út af markaðnum, auk þess sem Íbúðalánasjóður hefur hætt að lána einstaklingum fyrir íbúðakaupum.
11. Til viðbótar framangreindu hafa Íslandsbanki, ásamt Arion banka og Landsbankanum, að ýmsu leyti í lykilstöðu að því er varðar þróun atvinnustarfsemi á nærfellt öllum sviðum í landinu. Því er

<sup>1</sup> Skýrslan hefur að geyma svör við spurningum sem Hvitbókarnefndin beindi til Samkeppniseftirlitsins. Sjá einkum II. kafla skýrslunnar, slóð:

<https://www.meetoeecd1.zoom.us/j/96373270642?pwd=NmlzSFZmMmlyUENjNzMwQWpadmVBZz09samkeppni.is/media/skyrslur/Svor-SE-til-Hvitbokarnefndar.pdf>

<sup>2</sup> Í leiðbeiningum OECD segir m.a.:

„Countries undertaking a privatisation programme need to have clear objectives for what they want it to achieve. Objectives for divestment are likely to be both political and economic and often require trade-offs between various interests which influence the nature of the reform that is undertaken. Still, the competent authorities have a number of tools at their disposal to make an informed decision about privatisation. **This includes carrying out a competition assessment;** undertaking a cost-benefit or value-for-money assessment; carrying out periodical reviews of the public ownership portfolio; and establishing clear policies for the use of privatisation proceeds. This section provides a brief (non-exhaustive) overview of tools used in some jurisdictions.“ (Undirstrikun Samkeppniseftirlitsins)

Sjá nánar þessa slóð:

<https://www.oecd-ilibrary.org/docserver/ea4eff68-en.pdf?expires=1610544193&id=id&accname=guest&checksum=EB15C2C6554A205823C5400EED45687F>

<sup>3</sup> Samkeppniseftirlitið hefur beitt sér með ýmsum hætti til að stuðla að samkeppnisvirkni í fjármálaþjónustu. Hefur það m.a. verið gert með gerð satta árið 2017 um aðgerðir til að efla samkeppni í viðskiptabankaþjónustu. Með ákvörðunum nr. 22, 24 og 25/2017, *Aðgerðir til að efla samkeppni í almennri viðskiptabankaþjónustu við einstaklinga og lítil fyrirtæki*, voru kynntar sáttir við stóru viðskiptabankana þrjá sem miðuðu að því að draga úr kostnaði viðskiptavina þegar skipt er um banka, stuðla að viðtækara samkeppnisaðhaldi einstaklinga og lítilra fyrirtækja og vinna að öðru leyti gegn aðstæðum sem renna stoðum undir þögla samhæfingu.



mikilvægt að hugað sé m.a. vandlega að samkeppnissjónarmiðum við ákvarðanatöku stjórnvalda í þessu sambandi. Meðal annars er mikilvægt að stjórnvöld stuðli að því fyrir sitt leyti að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á mörkuðum. Framtíðareignarhald á Íslandsbanka ætti m.a. að taka mið af þessu sjónarmiði, ekki síst í ljósi mikilvægis bankans í hinu smáa íslenska hagkerfi.

12. Það er því áhyggjuefni að í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, sem liggur til grundvallar umfjöllun fjárlaganefndar, er ekki að finna neina umfjöllun er lýtur að áhrifum sölunnar á samkeppnisaðstæður á íslenskum fjármálamarkaði.

**Möguleg aðkoma erlendra aðila - Viðkvæm staða lífeyrissjóða og skuldsettra fyrirtækja sem eigenda**

13. Mikilvægt atriði við mat á samkeppnislegum áhrifum sölunnar er að átta sig á því hverjir eru líklegir til að verða kaupendur að eignarhlutum. Miðað við það sem fram kemur í fyrirliggjandi greinargerð fjármála- og efnahagsráðuneytisins er ekki lagt upp með að markaðssetja hlut ríkisins í bankanum gagnvart erlendum bönkum heldur er eingöngu stefnt að því að selja hlut bankans með almennu útboði innanlands. Í greinargerðinni segir að ólíklegt sé talið að erlendum banki myndi sýna því áhuga að eignast hlut í íslenskum banka í núverandi umhverfi. Segir í greinargerðinni að fá dæmi séu á nýliðnu ári um beina sölu á bönkum í Evrópu til fjárfesta eða annarra banka fyrir utan samruna banka innan sama lands.
14. Vakinn skal athygli á því að sú sölutilhögun sem boðuð hefur verið er líkleg til að draga enn frekar úr mögulegum áhuga erlendra aðila. Þannig verður að teljast mjög ólíklegt að erlendir aðilar (t.d. stofnanafjárfestar) hefðu áhuga á þátttöku þegar salan tekur aðeins til fjórðungshlutar í bankanum og án skýrrar stefnumörkunar um áframhaldandi sölu.
15. Að gefnum fram komnum forsendum, sem söluáformin eru byggð á samkvæmt framangreindu, virðist einsýnt að lífeyrissjóðir verði á meðal stærstu kaupenda, gangi útboðið eftir.
16. Hafa ber í huga í þessu sambandi að í lok þriðja ársfjórðungs 2020 nam bókfært eigið fé Íslandsbanka 182,5 milljörðum króna. Ósennilegt er að hlutur ríkisins í Íslandsbanka seljist yfir bókfærðu virði ef tekið er mið af hlutfallinu milli markaðsverðmætis hlutafjár og bókfærðs eigin fjár í tilviki Arion banka um þessar mundir. Fyrir þann fjórðungshlut sem stjórnvöld stefna að því að selja í Íslandsbanka fyrsta kastið myndu því væntanlega fást í mesta lagi um 45 ma.kr. en sennilega minna. Hér er engu að síður um allháa fjárhæð að ræða. Í nýlegu hlutafjárútboði Icelandair var aflað nýs hlutafjár fyrir um 30,3 ma.kr. að söluandvirði og var eftirspurn almennra fjárfesta framar vonum. Jókst eignarhlutur almennra fjárfesta upp í um 50% í kjölfar útboðsins og nam fjöldi almennra fjárfesta um 11.000 í kjölfar útboðsins. Með hliðsjón af þessari reynslu er ekki hægt að fullyrða hversu stóran hlut lífeyrissjóðir muni kaupa í upphafi, en engu að síður vandséð að hægt verði að selja fjórðungshlut ríkisins (hvað þá allan hlut ríkisins) í Íslandsbanka án aðkomu lífeyrissjóðanna nema erlendir fjárfestar komi að útboðinu.
17. Að mati Samkeppniseftirlitsins er augljóst að skoða þarf gaumgæfilega samkeppnisleg áhrif þess að lífeyrissjóðir eignist veigamikinn eignarhlut í Íslandsbanka, m.a. af eftirtöldum ástæðum:
18. Í fyrsta lagi liggur fyrir að samanlagður eignarhlutur þeirra lífeyrissjóða sem eiga yfir 1% hlut í Arion banka, öðrum aðalkeppinauti Íslandsbanka, nemur um 35% af heildarhlutafé bankans. Þar af eiga þrír stærstu lífeyrissjóðirnir tæpan 24% eignarhlut.
19. Samkeppniseftirlitið hefur áður bent á að það geti haft samkeppnishömlur í för með sér ef sömu fjárfestar eiga í mörgum eða öllum fyrirtækjum í sömu atvinnugrein. Rök standa til þess að



einkum beri að huga að þessu á fákeppnismörkuðum, sér í lagi ef um umtalsverða samhliða eignarhluti er að ræða. Er m.a. að finna umfjöllun um vandkvæði sem stafað geta af slíku samhliða eignarhaldi í svörum Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2018, *Framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið*.<sup>4</sup> Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um hlutverk lífeyrissjóðs í uppbyggingu atvinnulífs, frá janúar 2018, er einnig fjallað um samkeppnislegar hættur sem birtist í því að lífeyrissjóður eigi eignarhlut í tveimur eða fleiri keppinautum á sama eða tengdum markaði.<sup>5</sup>

20. Í öðru lagi verður að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir eiga í mörgum tilvikum hagsmuna að gæta sem eigendur helstu viðskiptavina bankanna. Fyrir liggur að lífeyrissjóðir eiga í mörgum tilvikum veigamikinn eignarhlut í fleiri en einu atvinnufyrirtæki á sama markaði. Huga þarf sérstaklega að áhættum sem fylgja slíkum hagsmunatengslum, ekki síst ef til þess kæmi að sömu lífeyrissjóðir ættu að auki veigamikinn eignarhlut í fleiri en einum viðskiptabanka.
21. Í þriðja lagi eru lífeyrissjóðir viðskiptavinir bankanna á ýmsum sviðum, á grundvelli stöðu sinnar sem veigamiklir ráðstöfunaraðilar fjármagns í landinu. Þeir taka því þátt í fjármögnun bankanna, eru m.a. fjárfestar í verkefnum banka og sjóða á þeirra vegum og þiggja margvíslega ráðgjöf frá bönkunum.
22. Síðast en ekki síst verður að hafa í huga að lífeyrissjóðirnir eru á sama tíma að nokkru leyti í samkeppni við bankana á lánamarkaði. Lífeyrissjóðirnir keppa við bankana á íbúðalánamarkaði en einnig veita þeir bönkunum ákveðið aðhald á sviði fleiri tegunda lána með því að fjárfesta í sjóðum sem stofnaðir hafa verið til kaupa á skuldabréfum fyrirtækja. Eignarhald lífeyrissjóðanna á bönkunum virðist þannig geta haft tiltekna hagsmunaárekstra í för með sér fyrir lífeyrissjóðina.
23. Með hliðsjón öllu framangreindu er mikilvægt að gaumgæfa vel áhrif þess á samkeppnisaðstæður á Íslandi að lífeyrissjóðir eignist veigamikinn eignarhlut í bankakerfinu, ekki síst þegar um er að ræða fleiri en einn þeirra þriggja viðskiptabanka sem sitja að mestu leyti að fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og minni fyrirtæki.
24. Á innlendum vettvangi er einnig til að dreifa öðrum stórum fjárfestum. Í því sambandi ber að varast þá leið að selja eignarhluti í bönkunum mikið skuldsettum eignarhaldsfélögum í eigu einkafjárfesta, vegna þeirrar hættu sem slíkt eignarhald getur skapað. Í því sambandi vísast til reynslunnar af bankahruninu 2008 en bankarnir voru á þeim tíma að verulegu leyti í eigu og undir stjórn skuldsettra eignarhaldsfélaga í eigu einkafjárfesta sem gjarnan voru jafnframt meðal stærstu viðskiptavina bankanna, ýmist beint eða óbeint.

### **Önnur stefnumótun og aðgerðir á fjármálamarkaði skipta máli**

25. Samkeppnisleg áhrif af sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum geta einnig ráðist af annarri stefnumótun á fjármálamarkaði. Nefna má í þessu sambandi að nú stendur fyrir dyrum stefnumótun lífeyrissjóðakerfisins, þar sem m.a. virðist ætlunin að ræða aðkomu lífeyrissjóða að lánamarkaði. Í þessu sambandi má vitna í yfirlýsingu fjármálastöðugleikanefndar<sup>6</sup>, dags. 16. desember sl., þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

<sup>4</sup> Í maí 2016 hélt Samkeppniseftirlitið opinn fund um eignarhald á atvinnufyrirtækjum þar sem hættur af eignarhaldi lífeyrissjóða var til umfjöllunar. Sjá nánar eftirfarandi slóð: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2799>

<sup>5</sup> Sjá nánar eftirfarandi slóð:

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/01/19/Skyrsla-starfshops-um-hlutverk-lifeyrissioda-i-atvinnulifinu-komin-ut/>

<sup>6</sup> <https://www.sedlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2020/12/16/Yfirlýsing-fjarmalastodugleikanefndar-16.-desember-2020/>



„Lágvaxtaumhverfi skapar nýjar áskoranir á fjármálamarkaði. Sérstaklega á þetta við um lífeyrissjóði sem eru ráðandi þátttakendur á innlendum fjármálamarkaði og kerfislega mikilvægir. Mikilvægt er því að við stefnumótun lífeyrissjóðakerfisins sem nú stendur fyrir dyrum verði tekið mið af áhrifum þeirra á fjármálastöðugleika.“

26. Umfjöllun Seðlabankans í vefútsendingu sama dag má einnig skilja sem svo að bankinn telji æskilegt að lífeyrissjóðir dragi úr eða jafnvel hætti beinum íbúðalánveitingum til sjóðsfélaga. Hér að framan var bent á að valkostum lántakenda, einkum einstaklinga og minni fyrirtækja, hefur fækkað verulega á undanliðnum árum. Feli stefnumörkun stjórnvalda í sér að beinar lánveitingar færist frá lífeyrissjóðunum til lánafyrirtækja (væntanlega aðallega bankanna), mun að óbreyttu draga verulega úr því samkeppnislega aðhaldi sem lífeyrissjóðir hafa þó veitt bönkunum.
27. Að mati Samkeppniseftirlitsins er óhugsandi að gripið verði til slíkra aðgerða án þess að samkeppnisleg áhrif þess verði metin og e.a. gripið til mótvægisáðgerða. Í því sambandi hafa t.d. verið nefndar hugmyndir um stofnun 1-2 sérhæfðra íbúðalánabanka sem lífeyrissjóðirnir geta átt hlut í og fjármagnað, líkt og bankana, með kaupum á sértryggðum skuldabréfum þeirra, svo að samkeppni á lánamarkaði skerðist ekki við það að þrengja hlutverk lífeyrissjóðanna.
28. Eins og rakið er hér að framan telja stjórnvöld að áhugi erlendra fjárfesta á íslensku bönkunum sé ekki til staðar. Æskilegt er í þessu sambandi að meta hvort fyrir hendi séu einhverjar hindranir gegn aðkomu erlendra fjárfesta sem gerlegt er að ryðja úr vegi. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á vísitölu OECD sem er ætlað að mæla hindranir vegna beinnar erlendrar fjárfestingar. Sé um að ræða mjög miklar hindranir mælist hún 1 en þar sem engar hindranir eru til staðar mælist hún 0. Í samanburði við nágrannalönd Íslands eru hindranir hérlendis verulegar. Gildið fyrir Íslandi á árinu 2019 mældist 0,17 í samanburði við 0,09 í Noregi, 0,06 í Svíþjóð, 0,04 í Bretlandi, 0,03 í Danmörku og 0,02 í Finnlandi.<sup>7</sup> Aðgerðir sem auðvelda erlendum aðilum að fjárfesta hér á landi og gerir Íslandi kleift að standast samanburð við nágrannalönd sín að þessu leyti gætu laðað erlenda langtímafjárfesta til landsins, en aðkoma þeirra gæti mögulega styrkt samkeppnisumhverfið á fjármálamarkaði.

#### **Leiðarljós við sölu á eignarhlut í bönkunum**

29. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt út frá samkeppnissjónarmiði að stjórnvöld stuðli að því fyrir sitt leyti að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á mörkuðum. Rök standa til þess að framtíðareignarhald á Íslandsbanka ætti m.a. að taka mið af þessu sjónarmiði, ekki síst í ljósi mikilvægis bankans í hinu smáa íslenska hagkerfi. Með vísan til þessa leggur Samkeppniseftirlitið til að eftirfarandi verði m.a. haft að leiðarljósi vegna sölu Íslandsbanka úr hendi ríkisins<sup>8</sup>:
- Að stefnt sé að sem fjölbreyttustu eignarhaldi aðila sem eru líklegir til að hafa að leiðarljósi langtímahagsmuni af traustum bankarekstri.
  - Að kaupendur að stórum hlutum Íslandsbanka eigi ekki jafnframt hlut í keppinautum bankans. Slíkt gæti skert hvata til innbyrðis samkeppni milli bankanna.
  - Að kaupendur bankans séu ekki mikilvægir keppinautar hans því slíkt gæti leitt til skerðingar á samkeppni á viðkomandi markaði/mörkuðum.

<sup>7</sup> OECD (2021). *FDI Restrictiveness*. Vefslóð: <https://data.oecd.org/fdi/fdi-restrictiveness.htm>

<sup>8</sup> Sjá nánar kafla IV í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2018, *Framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið*. <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur/Svor-SE-til-Hvitbokarnefndar.pdf>.



- d) Að kaupendur bankans séu ekki umsvifamiklir viðskiptavinir bankans því það skapar hættu á hagsmunaárekstrum. T.d. væri hættu á að slíkir aðilar nyttu betri kjara og ættu greiðari aðgang að fjármögnun hjá viðkomandi banka en keppinautar þeirra (eigendanna). Þetta myndi einnig skapa augljósa hættu út frá fjármálastöðugleikasjónarmiði eins og hrúnið 2008 er til vitnis um.
- e) Að sala á hlut ríkisins í bankanum leiði að öðru leyti ekki til skerðingar á samkeppni. Stofnist t.d. til nýrra yfiráðna við sölu á eignarhlut kemur til kasta Samkeppniseftirlitsins að taka afstöðu til yfiráðanna í samrunamáli. Við undirbúning slíkrar sölu þyrftu stjórnvöld því að huga að því hvort í henni felist skerðing á samkeppni sem leitt geti til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, ógildingu samrunans eða setningu skilyrða.
30. Samkeppniseftirlitið er meðvitað um að núverandi eignarhald ríkisins á tveimur viðskiptabankanna þriggja er ekki heppilegt í samkeppnislegu tilliti. Hefur eftirlitið fjallað um það í fyrri úrlausnum og sett skilyrði með það fyrir augum að vernda samkeppni.<sup>9</sup> Sú staða dregur hins vegar ekki úr mikilvægi þess að stjórnvöld undirbúi sölu á eignarhlut sínum vel og meti áhrif hennar á samkeppni, sbr. umfjöllun hér að framan.
31. Að lokum vekur Samkeppniseftirlitið athygli á áður nefndri skýrslu sinni nr. 1/2018, *Framtíðarskipan fjármálakerfisins*. Í málsgrein 44 eru dregin nokkur atriði sem Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að hafa í huga í umfjöllun um gerð fjármálamarkaðarins.
32. Samkeppniseftirlitið er reiðubúið að koma frekari sjónarmiðum á framfæri og liðsinna nefndinni eftir því sem þurfa þykir.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Ólafur Freyr Þorsteinsson

---

<sup>9</sup> Sjá t.d. ákvörðun nr. 9/2016, *Framsál Glitnis hf. á 95% hlutafjár Íslandsbanka hf. til Ríkissjóðs Íslands*: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2775>